



## Hugarflug um Efstahvamm

Efstihvammur er skemmtileg húsagata, sem getur orðið andlit Búðardals fyrir þá sem koma að bænum sunnan að. Mikilvægt er að þar verði góð sjónræn áhrif, sem skipta miklu fyrir bæði íbúa og aðkomna, til að skapa jákvæða ímynd og hughrif. Þarna er hugmyndin að vera með hús sem eru að hámarki 50 – 70 fm, sem gæti flokkast sem stórt „tiny house“, en það fyrirbæri er orðið þekkt um allan heim í arkitektúr og gengur út á að búa smátt og nýta rými til hins ýtrasta, en einnig að vera hagkvæmt í byggingu og rekstri.

Mig langaði að skissa þetta hverfi upp, til að sýna fram á hversu skemmtilegt það getur verið að hafa sama stíl á mörgum húsum, þótt þau geti verið misstór, aðeins mismunandi í laginu og snúið misjafnlega, en samt myndað skemmtilega heild. Í þessu hugarflugi mínu hugaði ég aðeins að útliti, en ekki virkni. Til að mynda mundi skipta máli að skoða hvernig farartækjum sé fyrir komið og hvernig aðgengi á að vera á svæðinu, sem er seinni tíma viðfangsefni.

Þessi hugmynd var skissuð miðað við „íslensku húsin“ sem Landshús flytja inn og hönnuð eru að Eflu verkfræðistofu. Þau eru með andblæ íslenskra smáporpa snemma á tuttugustu öld og eru vel hönnuð hvað varðar rýmisnýtingu og þol gagnvart íslenskri veðráttu. Hér er grunnútlit þeirra:



Hér eru meiri upplýsingar og fleiri útfærslur: <https://landshus.is/islenska-husid/> Þau eru reyndar frekar lítil eins og þau eru kynnt á síðu fyrirtækisins, eða 24 – 38fm, en eru einingahús, sem mjög auðvelt er að stækka á marga vegu.

Annað fyrirtæki sem hefur verið að vinna með svipað byggingarlag er Gluggagerðin, sem hefur t.d. framleitt húsin Sprotu og Óðal, sem hannað er í samvinnu við Rut Káradóttur. Þau hafa verið dýrari í framleiðslu, en nokkuð vinsæl sem sumarhús í einkaeigu. Þar er unnið með hið hefðbundna bíslag, sem er svo algengt á eldri byggingum hérlendis. Sjá má ljósmyndir hér, teknar af Facebook síðu Gluggagerðarinnar:



Eigi Efstihvammur að verða falleg húsagata er mikilvægt að hafa heildarmynd á henni, einhvern ramma, sem síðan er byggt inn í. Þessi hús gætu orðið bæði íbúðarhús og sumarhús í bland, en það getur verið áhugavert í sjálfu sér að byggja sumarhús í þéttbýlinu og vinna þannig gegn því að stærri hús í Búðardal, sem henta betur til langavarandi búsetu, séu keypt sem sumarhús.

Hér í framhaldið eru grunnmynd af svæðinu, tekin upp úr deiliskipulagi og skissan mín að götunni að sumri og vetri, en á skissunni var ég meira að einbeita mér að því að sjá heildarsvip, en endilega að huga að afstöðu eða réttum hlutföllum götunnar, enda ekki teiknað í þrívíddarforriti, heldur tvívíðu.



Í lokin langar mig að nefna að Magnús Hjaltested eigandi Landshúsa ehf er þegar búinn að lýsa óformlega yfir áhuga á því að vinna að þessu verkefni. Húsið sem er í byggingu við Bakkahvamm 15 er frá Landshúsum.

Bjarnheiður Jóhannsdóttir  
hugmyndasmiður